

3. gr.

Við brot gegn skilyrðum fyrir hundahaldi, má taka viðkomandi hund úr umferð og skal honum komið fyrir í hundageymslu sé um minniháttar brot að ræða í fyrsta skipti. Skal þá hundaeigandi látinn vita og honum gefinn kostur á að leysa hundinn út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins innan viku. Sé um að ræða ítrekað brot eða alvarlegt afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Veitist hundur að fólki með gelti eða urri, glefsar eða bitur telst það alvarlegt brot. Vanræksla á að færa hund til bandorma hreinsunar telst alvarlegt brot. Heimilt er að aflífa leyfislausu hunda.

4. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt hvenær sem þörf krefur að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi teljist þess þörf. Þegar um afturköllun leyfis er að ræða, ber hundaeiganda að færa hund í hundageymslu eða til dýralæknis í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Í þeim tilvikum þar sem rekja má leyfissviptingu til vanrækslu eiganda skal eiganda veittur viku frestur til að ráðstafa hundinum annað. Sé slíkt ekki gert er heimilt að aflífa hundinn.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með brot gegn samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, VI og VII kafla.

6. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórna Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Miðnes-hrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla úr gildi samþykktir ofangreindra sveitarfélaga sama efnis.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. maí 1983.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykkt fyrir Byggingarsamvinnu-
félag hvolfpaksbyggjenda.**

Samkvæmt lögum nr. 59 30. apríl 1973 sbr. 79. gr. laga nr. 51 9. júní 1980 hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag hvolfpaksbyggjenda.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1983.

F.h.r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.